



Nefndasvið Alþingis

B.t. menntamálanefndar

Umsögn Kennarasambands Íslands um þskj 262-233. mál, Frumvarp til laga um framhaldsfræðslu.

Reykjavík 22. desember 2009

Kennarasamband Íslands tók þátt í starfi verkefnisstjórna um símenntun sem menntamálaráðherra skipaði, fyrst 1998-2004 og síðan 2004-2006 en áður í starfi nefndar um símenntun sem ritaði skýrsluna *Símenntun, afl á nýrri öld* til menntamálaráðherra árið 1998.

Fyrsta og umfangsmesta tillaga verkefnisstjórar í skýrslu hennar til ráðherra haustið 2006 fjallar um það mikilvæga umbótamál að **tryggja einstaklingum** sem hafa af einhverjum ástæðum flosnað upp úr námi **rétt til þess að ljúka námi við hæfi á framhaldsskólastigi**. Tillögu verkefnisstjórnarinnar um þetta efni er mikilvægt að lesa í heild sinni en ekki styðjast einungis við þá tilvísun í hluta hennar sem getur að líta á bls. 5 í aths. með frumvarpinu. KÍ telur með tilvísun til framangreinds að í veigamiklum atriðum skorti á að frumvarp þetta sé samið með það að leiðarljósi að tryggja með raunhæfum aðgerðum þann rétt einstaklinga til náms sem tillagan frá 2006 fjallar um.

KÍ hefur ekki verið kallað til neins samráðs um mál er snerta efni frumvarpsins á þeim tíma sem um er liðinn frá útkomu skýrslu verkefnisstjórnar haustið 2006 og getur því aðeins getið sér til um hvaða ástæður liggja að baki áherslum frumvarpsins sem að mati sambandsins er fyrst og fremst frumvarp um að löggleiða ákveðinn kerfislegan ramma um fræðsluáðila og fjármagn til fullorðinsfræðslu í höndum aðila á vinnumarkaði til hliðar við framhaldsskóla sem starfa eftir lögum um skólastigið frá 2008 sem eins og forverar þeirra gera ráð fyrir hlutverki skóla á þessu skólastigi í fullorðinsfræðslu.

KÍ leyfir sér að benda á eftirfarandi atriði:

1. Frumvarpið tryggir aðeins að litlu leyti einstaklingum sem falla að skilgreiningu í tillögu verkefnisstjórnar um símenntun frá október 2006 raunhæfan og raunverulegan rétt til þess að ljúka námi við hæfi á framhaldsskólastigi. Um þetta er eindregið vísað til tillögunnar sjálfar sem fylgir með umsögninni.
2. Frumvarpið gerir ráð fyrir greinilegum og miklum aðskilnaði milli „Fullorðinsfræðslu“ sbr. orðskýringar í 3.gr. og hins almenna framhaldsskólakerfis sem um árábil hefur þjónað fullorðnum nemendum í námskrárbundnu námi í dagskóla, kvöldskóla og (síðar) fjarnámi. Engar haldbærar skýringar eða röksemdafærslu er að finna í eða með frumvarpinu fyrir því að svona sé farið að.
3. Hvergi í frumvarpinu er að finna skilyrði um að kennarar með tilskilda menntun og kennsluréttindi sinni kennslu sem fram fer á grundvelli þess verði það að lögum.

4. Frumvarpið hefur, bæði hvað varðar vinnuaðferðir við undirbúning þess og efni að töluverðu leyti verið slitið úr samhengi við upprunalegar tillögur um málið og markmið þeirra. Samráð hefur verið þrengt og ekki leitað víðtæks samráðs eins og þó var gert á árabílinu 1997-2006 sem telja verður undirbúningstíma umbóta á réttindum og möguleikum fullorðinna einstaklinga til annars tækifæris til náms.

Virðingarfyllt


F.h. Kennarasambands Íslands

Elna Katrín Jónsdóttir, varaformaður

Samantekt

Verkefnisstjórnin leggur til eftirfarandi:

1. **Annað tækifæri til náms.** Sérstök lög verði sett sem tryggi fullorðnum einstaklingum, sem hafa af einhverjum ástæðum flosnað upp úr námi en hyggjast snúa aftur til náms, rétt til að ljúka námi við hæfi á framhaldsskólastigi. Miðað verði við að einstaklingur geti lokið viðurkenndu einingabæru námi sem tryggi viðkomandi rétt til áframhaldandi náms, þ.e. náms á háskólastigi eða öðru sambærilegu framhalds- eða meistaranámi í viðkomandi grein.
 - Lögin tryggi að þeir aðilar sem menntamálaráðuneytið hefur viðurkennt sem formlega fræðsluaðila fái greidd nemendagildi fyrir þá nemendur sem kjósa að nýta sér annað tækifæri til náms á framhaldsskólastigi, hvort sem þeir velja að stunda nám í fjarnámi, öldungadeildum eða dagskólum. Það gildi einu hvort viðkomandi velji framhaldsskóla eða aðra viðurkennda fræðsluaðila til að ljúka námi á framhaldsskólastigi. Umræddir nemendur greiði innritunar- og pappírskostnað en taki ekki þátt í kennslukostnaði. Eðlilegt er að skilgreina tíma-
tákmörkin í þessu samhengi en eftir að viðkomandi hefur lokið námi við hæfi, stúdentsprófi eða prófi í grein, er hann búinn að fullnýta rétt sinn til náms á framhaldsskólastigi.
 - Lögin tryggi umræddum einstaklingum greiðan aðgang að raunfærnimati eða stöðuprófum gegn vægu gjaldi og



opna beinar fjárheimildir fyrir viðurkennda fræðsluaðila að taka slíkt að sér.

- Lögín tryggja að einstaklingar sem eru orðnir fullorðnir og hyggjast nýta sér annað tækifæri til náms, geti haft aðgang að námslánnum sér til framfærslu á námstímanum.
- Nánari útfærslur og tillögur um framkvæmd laganna verði unnar af aðilum er tengjast fræðslustarfi á sviði fullorðinsfræðslu og símenntunar sem og fulltrúum aðila vinnumarkaðarins.

2. **Vika símenntunar.** Símenntunardeild menntamálaráðuneytisins annist framkvæmd *Viku símenntunar*. Það verði í höndum menntamálaráðherra að ákveða framkvæmdarformið t.d. í samráði við sérstakan ráðgjafahóp sem verði þá til þess stofnaður.

3. **Framtíð verkefnisstjórnar.** Verkefnisstjórnin verði lögð niður í núverandi mynd. Verkefnunum verði ýmist komið fyrir hjá símenntunardeild, þau lögð niður eða fengin öðrum.